



Öndunarfærasýkingar


Vika 11

11. – 17. mars 2024

Embætti landlæknis
Sóttvarnalæknir

COVID-19 (SARS-CoV-2)

Áfram greinast fá tilfelli af COVID-19. Í viku 11 greindust 10 einstaklingar með COVID-19 (með PCR-prófi eða klínískri greiningu). Hlutfall jákvæðra PCR-prófa af heildarfjölda prófa var rúm 3% (mynd 1).




Mynd 1. Vikulegur fjöldi einstaklinga sem greindist með COVID-19, annaðhvort með PCR-prófi eða klínískri greiningu (vinstri ás), og hlutfall jákvæðra COVID-19 PCR-prófa af heildarfjölda prófa (hægri ás) veturinn 2023–2024 (frá viku 35 2023, um mánaðamótin ágúst–september).


Inflúensa

Inflúensa er enn í dreifingu. Greiningum á **staðfestri inflúensu** (greining með PCR-prófi) fækkaði í upphafi árs 2024 en fór svo fjölgandi á ný. Vikulegur fjöldi hefur verið svipaður síðan í lok janúar. Í viku 11 greindist 31 einstaklingur með staðfesta inflúensu (mynd 2). Þar af voru 19 einstaklingar með inflúensustofn A(H3), 11 einstaklingar með inflúensustofn A(H1)pdm09 og einn með inflúensustofn B.

Fjöldi **klínískra greininga** á inflúensu eða „flensu“ (greiningar læknis án rannsóknar með PCR-prófi) hefur sveiflast frá upphafi árs eftir að hafa farið vaxandi frá haustinu 2023. Í viku 11 greindust 29 einstaklingur með inflúensulík einkennum (mynd 3).




Mynd 2. Fjöldi einstaklinga með staðfesta inflúensu eftir vikum veturinn 2023–2024 og síðastliðin tvö flensutímabil samanborið við meðaltal síðustu fimm flensutímabila þar á undan (2015–2020). Athugið að veturinn 2020–2021 greindist ekkert tilfalli af inflúensu.



Mynd 3. Vikulegur fjöldi klínískra greininga á inflúensulíkum einkennum veturinn 2023–2024.

RSV og aðrar öndunarfærasýkingar

Greiningum á **RS veirusýkingu (RSV)** hefur fækkað frá áramótum. Í viku 11 greindust tveir einstaklingar með RSV (mynd 4), þar af eitt barn undir eins árs aldri. Fjöldi greindra öndunarfæra, annarra en SARS-CoV-2, inflúensu og RSV, hefur verið svipaður undanfarnar vikur en í viku 11 greindust flestir með parainflúensu. Frekari upplýsingar um greiningar á öndunarfæra veirum má finna á [vef sýkla- og veirufræðideildar Landspítala](#) (undir veirugreiningar).



Mynd 4. Vikulegur fjöldi greindra RS veirusýkinga veturinn 2023–2024.

Mislingar og hettusótt

Í viku 5 2024 (byrjun febrúar) **greindist eitt tilfelli af mislingum**, það fyrsta hér á landi síðan árið 2019. Einstaklingurinn var erlendur ferðamaður og ekki var unnt að staðfesta hvort hann var bólusettur. Annað tilfelli hefur ekki greinst þegar þetta er birt.

Í sömu viku **greindist einnig tilfelli af hettusótt**, það fyrsta héraðs síðan árið 2020 og var sá einstaklingur óbólusettur. Í viku 7 **greindust þrjú tilfelli hettusóttar til viðbótar**, þar á meðal einn óbólusettur fullorðinn einstaklingur og tvö bólusett ungmenni. Í viku 8 og 9 greindust fimmta og sjötta tilfellið og það sjöunda í viku 10. Allt fullorðnir einstaklingar og einn var óbólusettur. Tengsl eru á milli allra þessara einstaklinga.

Mislingar og hettusótt eru bráðar og mjög smitandi veirusýkingar. Þau sem eru óbólusett fyrir þessum sjúkdómum, og hafa ekki fengið þá áður, eru í áhættu fyrir smiti en þeim geta fylgt alvarleg veikindi og fylgikvillar. Bólusettir geta smitast en það er sjaldgæfara og þá eru veikindi oftær væg. Einstaklingar sem fá sjúkdómna fá þá hins vegar aðeins einu sinni á ævinni. Sjá frekari upplýsingar um [mislinga](#) og [hettusótt](#) á vef embættis landlæknis.

Bólusetning er besta vörnin gegn mislingum og hettusótt. Bóluefnið er MMR bóluefni (gegn mislingum, hettusótt og rauðum hundum) sem veitir langtíma vörn gegn sjúkdómunum og er öruggt bóluefni.

Þau sem hyggja á ferðalög erlendis á næstunni er ráðlagt að huga að bólusetningarstöðu sinni og barna sinna vegna *mislinga*. Sjá [frétt á vef embættis landlæknis um fjölgun mislingatífella í Evrópu](#).


Hægt er að fá frekari upplýsingar varðandi bólusetningar hjá heilsugæslu, á [netspjalli Heilsuveru](#) eða í síma 1700.

Ekki er mælt með MMR bólusetningu fyrir þá sem eru fæddir fyrir 1970 en almennar frábendingar eru:

- Börn yngri en 6 mánaða gömul.
- Barnshafandi einstaklingar.
- Ónæmisbældir einstaklingar – ef vafi þá þarf að ráðfæra sig við sinn lækni.
- Gelatínofnæmi.
- Þau sem eru þegar bólusett með 2 skömmtum af mislingabóluefni og starfa ekki í bráðaheilbrigðisþjónustu.

Innlagnir á sjúkrahús

Einstaklingum sem eru innliggjandi á Landspítala með öndunarfæraveirusýkingar hefur farið fækkandi frá áramótum. Í viku 11 voru 32 einstaklingar innliggjandi með eina af sex algengustu öndunarfæraveirusýkingunum. Af þeim voru 14 manns með inflúensu, þar af 11 einstaklingar 65 ára eða eldri. Tvö lágu inni með RSV, þar af einn einstaklingur 65 ára eða eldri. Einn lá inni með COVID-19 í viku 11 (mynd 5).



Mynd 5. Fjöldi innliggjandi einstaklinga með öndunarfærasykingar veturinn 2023–2024. Gögn frá Landspítala.

Samantekt

Greiningum á COVID-19 og RSV hefur farið stöðugt fækkandi frá áramótum en inflúensa er enn í nokkuð stöðugri dreifingu. Langflest greind tilfelli af inflúensu þennan veturinn hafa verið af inflúensustofni A. Einstaklingum inniliggjandi á Landspítala með öndunarfæreveirusýkingar hefur fækkað frá áramótum. Undanfarnar vikur hafa flestir af þeim sem liggja á Landspítala með öndunarfæreveirusýkingu verið með staðfesta inflúensu. Bæði mislingar og hettusótt hafa borist til landsins nýverið. Hingað til hafa sjö hettusóttartilfelli verið greind á þessu ári og eitt tilfelli mislinga. Bólusetningarátak er yfirstandandi hjá heilsugæslunni til að draga úr áhrifum beggja atvika, fyrst og fremst á höfuðborgarsvæðinu.

Staðan í Evrópu

Tilfellum inflúensu fer fækkandi þó hún sé enn í talsverðri dreifingu. Áfram greinist mest af inflúensustofni A(H1)pdm09 og minna af inflúensustofni B. RSV greiningar eru heilt yfir á niðurleið þó stöku lönd tilkynni enn um fjölgun tilfella. Lítið er um COVID-19. Í vetur hefur borið á **aukningu á greindum öndunarfæra-sýkingum af völdum bakteríunnar *Mycoplasma pneumoniae***.

Greiningar á mislingum **júkust margfalt í Evrópu á árinu 2023** eftir fækkun tilfella á tímum COVID-19 faraldursins. Flest tilfelli voru meðal barna yngri en 5 ára. Stórar hópsýkingar hafa brotist út, m.a. í Bretlandi, Austurríki, Rúmeníu og Frakklandi en í flestum þessum löndum er bólusetningarþátttaka undir 95% markmiðinu. Meirihluti smitaðra var óbólusettur (75%) en hins vegar var bólusetningarstaða margra fullorðinna óþekkt. Í flestum löndum eru börn yngri en 12 mánaða ekki bólusett við mislingum. Sjá einnig frekari upplýsingar um stöðuna í Evrópu **á vef Sóttvarnastofnunar Evrópusambandsins (ECDC)**. **Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO)** hefur einnig vakið athygli á aukningu mislinga í heiminum. Búist er við áframhaldandi dreifingu mislinga í heiminum árið 2024 en mislingar eru líklegastir til að vera í dreifingu síðla veturs og á vorin í okkar heimshluta.

Sóttvarnir

Full ástæða er til að sinna persónulegum sóttvörnum til að draga úr líkum á að smitast og á að smita aðra.

Við minnum öll á að:

- Fylgja tilmælum um bólusetningar.
- Halda sig til hlés í veikindum.
- Forðast umgengni við ung börn og aðra viðkvæma ef með einkenni.



- Hylja nef og munn við hósta og hnerra.
- Sinna reglulegum handþvotti.
- Notaðu grímu við ákveðnar aðstæður eins og á heilbrigðisstofnunum þ.m.t. biðstofum.
- Lofta út.

